

„Aðalmálið er að veita bestu þjónustuna fyrir börn og fjölskyldur“

„Galdurinn við „sænsku leiðina“ er að minnka inngríp, ná til fjölskyldunnar áður en vandamálið verður því stærra og aðstoða þau við að leysa og vinna úr vandanum með eigin úrræðum og baklandi,“ segir Júlía Sæmundsdóttir, nýráðinn félagsmálastjóri á Fljótisdalshéraði.

Júlía lauk námi í félagsráðgjöf frá Háskóla Íslands árið 2008 og hefur undanfarið stundað M.A. nám frá Háskóla Íslands í rannsóknum þar sem hún hefur lagt áherslu á opinbera geirann og barnavernd. Hún hefur starfað sem félagsráðgjafi í barnavernd Reykjanesbæjar, félagsráðgjafi í Barnavernd Kópavogs, félagsráðgjafi í Fjallabyggð og sem deildarstjóri barnaverndar á norðanverðum Vestfjörðum. „Ég flutti hingað frá Danmörku þar sem ég starfaði sem félagsráðgjafi, teymisstjóri og faglegur stjórnandi í Nyborg Kommune. Þar bar ég faglega ábyrgð á starfi barnaverndarstarfsmanna innan teymisins ásamt því að vera ábyrg fyrir samhæfingu og innleiðingu sænska módelisins.“

„Fagaðilar finna saman bestu leiðina fyrir barnið og fjölskylduna“

„Hugmyndin með þessu kerfi er sú að unnið er saman í teymi með þau mál sem koma upp. Í staðinn fyrir að vera með ólík fagsvið í hverri stofnun og þær séu aðskildar í sínu horni, þá vinna þær saman og með því skapast samlegðaráhrif þar sem fagaðilar finna saman bestu leiðina fyrir barnið og fjölskylduna,“ segir Júlía. Hún segir skólafólki í Nyborg Kommune, þar sem hún starfaði, hafa fundið fyrir létti þegar það fann sig ekki lengur standa aleitt með málin, heldur hafa teymi til að leita til. Þar af leiðandi hafi myndast mun meiri nánd á milli starfsmanna og orðið meiri samvinna í málefnum barna og fjölskyldna. Innan teymisins starfa félagsráðgjafi, sálfræðingur og hjúkrunarfræðingur.

„Mikil áhersla á að geta tekið á málum barna áður en þau verða því alvarlegri“

„Einn helsti áherslupunkturinn í þessu módeli er sú að skapa barninu eins eðlilegt líf og hægt er. Eðlilegt líf er að búa hjá foreldrum sínum en ekki að vista barn utan heimilis.



Júlía Sæmundsdóttir, nýráðin Félagsmálastjóri á Fljótisdalshéraði. Mynd: Linda Sæberg

Reynt er eftir öllum leiðum að styrkja foreldra til að axla foreldrahlutverk sitt og halda fjölskyldu saman. Leitast er við að virkja bakland fjölskyldunnar og finna eigin styrkleika til að efla fjölskylduna til að takast á við vanda sinn. Börnum farnast oft verr ef þau eru tekin af heimili sínu og upplifa ákveðin tengslarof og svik. Bakland barna í vistun er oft brotið og þau standa þá án stuðnings þegar þau eiga að takast á við lífið á eigin fótum. Það er ekkert gagn að því að taka barn úr því kerfi sem það elst upp í, vinna með barnið og senda það svo aftur í sama kerfi eða fjölskyldu. Það þarf að vinna með fjölskylduna sem heild og mæta fólki þar sem það er statt og virkja það til að finna lausnir á eigin málum. Því er mikil áhersla á að geta tekið á málum barna áður en þau verða því alvarlegri,“ segir Júlía. Snemmtæk inngríp og forvarnir eru lykilorð samkvæmt Júlíu, að koma að vandamálum í upphafi þeirra á meðan þau eru léttvæg og fyrirbyggja að þau verði þung og vandleyst.

„Við náum því að spara tíma, fjármuni og félagslega vanlíðan“

Félagsmálastjóri Fljótisdalshéraðs hefur yfirumsjón með félagslegri þjónustu Fljótisdalshéraðs, en starfssvæðið nær einnig yfir Vopnafjörð, Borgarfjörð eystri, Seyðisfjörð, Djúpvog og Fljótisdalshrepp.

„Við erum að hugsa um öll þessi sex sveitarfélög sem koma að félagsþjónustunni. Teymið mun hafa aðalathvarf í Egilsstaðaskóla, þar sem hann er stærstur skólanna, en teymið yrdi færanlegt og færi að minnsta kosti einu sinni í mánuði út í hina skólana, auk þess sem þeir hefðu aðgang að teyminu og sérfræðingum þess á öllum tímum. Það hefur verið almenn ánægja hjá þeim sem við Helga Guðmundsdóttir fræðslustjóri höfum fundað með og við upplifum almennan áhuga á að setja þetta á laggirnar.“

Vilji er fyrir því að auka samvinnu skóla- og félagsþjónustusviðs og nýta þannig fjárhag og starfsfólk þessara tveggja sviða betur. „Hvaðan peningurinn kemur og hvort sviðið það er sem borgar er aukaatriði hér, þar sem aðalmálið er að búa til bestu þjónustuna fyrir börn og fjölskyldur. Með þessu sporum við fjármuni og tíma og nýtum sérfræðinga okkar betur. Að ná að grípa inn í málin fyrir sparar einnig peninga þar sem stærri og erfiðari mál eru kostnaðarsamari og taka tíma og orku, bæði frá fjölskyldum og sérfræðingum.

Það getur verið flókið fyrir fjölskyldur að þurfa að sækja þjónustu í fleiri stofnanir eða fagsvið. Með heildrænni nálgun og samvinnu ólíkra fagaðila er hægt að einfalda þjónustu við notendur sem geta fengið þjónustu á sama stað. Með því má líka koma í veg fyrir að unnið sé með mál einstaklinga á ólíkan

hátt hjá mismunandi fagsviðum og stundum verið að tvíþjónusta eða vinna að ólíkum markmiðum eða lausnum,“ segir Júlía.

Mynda tengsl og nánd fagaðila

„Annar vinkill sem gott er að taka fram er að kennarar hafa ítrekað bent á að þeir anna ekki öllum þeim verkefnum sem á þá eru lögð þar sem þeir þurfa að vera í hlutverki félagsráðgjafa og sálfræðings samhliða kennslu. Þeir hafa orð á því að þeim finnst þeir standa einir með vanda nemenda sinna og hafi ekki neinn stuðning eða úrræði að grípa til. Starf kennara er flókið og vandamt og ástæða til að hafa áhyggjur af streitu og kulnun í starfsstéttinni. Með þessu náum við að mynda tengsl og nánd fagaðila sem hjálpar kennurum gríðarlega með mál barna og fjölskyldna. Félagsráðgjafafélag Íslands hefur hvatt til þess að eitthvert sveitarfélag hér á landi ríði á vaðið og taki „sænsku leiðina“ upp. Það verður því spennandi að sjá hvernig okkur muni ganga með þetta.“